

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á óraskaður að standa. Sem málskostnað fyrir yfirrjetti ber áfrýjandanum, kaupfjelagi Þingeyinga, að greiða 30 krónur, þar af til hinna stefndu 20 kr., og 10 kr. til hins skipaða verjanda þeirra, Halldórs yfirkennara Friðrikssonar.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. ágústmán.

Nr. 42/1887.

Rjettvísín

gegn

Árna Árnasyni.

### D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Húnavatnssýslu, upp kveðnum 19. febr. þ. ár, var hinn ákærði, Árni Árnason, fyrir einfaldan þjófnað dæmdur til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, og til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun í hjerði 6 kr. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins fyrir hönd hins ákærða.

Það er í sök þessari með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum málsins löglega sannað, að hann hafi haustið 1885 stolið á Blönduósi 4 tómunum þriggja-pela-flöskum úr farangri Björns bónda Sigfússonar, er lá þar úti hjá verzlunarhúsunum; að hann vorið næst á undan hafi stolið nokkrum hráum saltkjöts-spaðbitum og hangnum bringukolli úr íláti í opnum skála á

Skeggstöðum, þar er hann var nætur-sakir ; kjöt þetta ljét hann í striga-poka og fól hann úti í fjárhús-tótt þar á bænum, og þar fannst það síðar ; að hann hafi enn sama vor, þá er hann var í vinnu á Blönduósi, stolið úr saltkjöts-tunnu í sölubúðar-kjallara P. Sæmundssonar kjöt-stykki, er var nokkur pund að þyngd ; nokkru af kjöti þessu skilaði hann aptur, hitt hafði hann látið sjóða sjer til matar ; að hann haustið 1885 hafi stolið í eldhúsinu hjá kaupmanni Möller á Blönduósi einum kjöt-bringukolli, er hann tók upp úr sjóðandi vatns-potti; og *loksins* að hann sama haust í desembermánuði hafi stolið frá bóndanum í Engihlíð 2 hangikjöts-bringukollum ; náði hann þeim úti í eldhúsi og stakk þeim á sig ; bringukollar þessir voru síðar teknir af honum. Allt hið stolna hefur verið virt á 4—5 kr. Sumu skilaði hinn ákærði aptur eigendunum, sumt var tekið af honum, og fyrir hið annað af þýfinu, er hann hafði eytt, hefur eigi verið krafizt endurgjalds.

Þessi afbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru, dómi eða refsingu fyrir nokkurn glæp, hefur hjeradsdómarinn rjettilega heimfært undir 230., sbr. 63. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og með því að refsing sú, sem ákveðin er í hinum áfrýjaða dómi, þykir hæfileg og ekkert er að athuga við málskostnaðarfyrirmæli hans, þá ber að staðfesta dóminn í heild hans. — Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á hinn ákærði að greiða, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera ó-raskaður. Hinum ákærða, Árna Árnasyni, ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 krónur til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. septembermán.

Nr. 40/1887.

Arnjótur Ólafsson  
gegn

Jóni Hallsyni.

D ó m u r :

Þegar mál þetta átti að koma fyrir í yfirdóminum hinn 29. f. m. samkvæmt yfirdómsstefnunni, sem var út gefin á dómsmála-skrifstofu rjettarins hinn 2. júlímán. þ. ár, mætti enginn með yfirdómsstefnuna, og var hún því eigi lögð fram í rjettinum þennan dag. Fyrir því ber *ex officio* að vísa stefnunni frá yfirdóminum samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 5. grein, sbr. N. L. 1—4—34, og þar sem hinn stefndi ljet mæta, verður að álíta sannað, að stefnan hafi verið birt honum og ber því eptir kröfu hans að dæma honum kost og tæringu, er þykir hæfilega ákveðin 6 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjunarstefnunni í máli þessu vísast frá yfir-